

# Viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn

## Leyfi / veikindi

### 5 - 9 dagar

Umsjónarkennari ræðir við nemanda og á samtali við foreldra. Skóli sendir foreldrum bréf um ástundun.

### 10 - 14 dagar

Þrep 1 endurtekið. Skólahjúkr.fr. og skólastjórnendur upplýstir um stöðu mála.

### 15 - 19 dagar

Umsjónarkennari boðar foreldra til fundar, ásamt skólastjórnanda. Nemendaverndarráð upplýst um stöðu mála.

### 20 - 29 dagar

Málinu vísað til umfjöllunar í nemendaverndarráði. Skólastjórnandi boðar foreldra til fundar (e.t.v. með aðkomu fulltrúa úr nemendaverndarráði). Áætlun sett fram.

### 30+ dagar

Skólinn tilkynnir skólasókn nemandans til Barnaverndar Reykjanesbæjar og til fræðsluviðs Reykjanesbæjar. Barnavernd boðar til tilkynningarfundar.

## Þegar grunur vaknar um skólasóknarvanda...

Þrátt fyrir tilkynntar fjarvistir, skal skoða tilkynningar um veikindi og leyfi síðustu þriggja skólamánaða (staðfest langtímaveikindi eru hér frátalin). Skóli getur óskað eftir vottorði sé nemandi veikur í meira en einn dag. Viðbrögð vegna ófullnægjandi skólasóknar eru í eftirfarandi þrepum. Gott er að styðjast við viðmið um fjölda veikinda og/eða leyfisdaga við hvert þrep, en einnig er mikilvægt að viðbrögðin séu áætluð út frá stöðu hvers og eins nemanda.



# Viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn

## 2-4 fjarvistir

Umsjónarkennari ræðir við nemanda. Skóli sendir foreldrum bréf um ástundun og á samtal við foreldra.

## 5-9 fjarvistir

Prep 1 endurtekið. Boðað í kjölfarið til fundar með foreldrum og nemanda (ef viðeigandi). Tilkynnt til skólastjórnenda.

## 10-14 fjarvistir

Fundur með umsjónarkennara og nemanda, ásamt foreldrum og skólastjórnanda/ fulltrúa hans.

## 15-24 fjarvistir

Málinu er vísað til umfjöllunar í nemendaverndarráði. Áætlun sett fram

## 25+ fjarvistir

Skóli tilkynnir skólasókn nemandans til Barnaverndar Reykjanesbæjar og til fræðsluviðs Reykjanesbæjar. Barnavernd boðar til tilkynningarfundar.

## Pegar grunur vaknar um skólasóknarvanda...

skal skoða ástundun nemandans síðustu þrjá skólamánuði, með sérstöku tilliti til dreifingu fjarvistanna (sbr. einstaka fjarvistir yfir langan tíma, margar fjarvistir yfir stuttan tíma). Viðbrögð vegna ófullnægjandi skólasóknar eru í eftirfarandi þrepum. Gott er að styðjast við viðmið um fjölda fjarvista við hvert þrep, en einnig er mikilvægt að viðbrögðin séu áætluð út frá stöðu hvers og eins nemanda.